

KAR25 - Sauðárveitur



Verksamningurinn felur í sér að ljúka gerð mannvirkja Sauðárveitu, sem er hluti Hraunaveitu Kárahnjúkavirkjunar. Verkið felur í sér að hlaða stíflu og yfirföll og ljúka greftri veituskurða.

Aðkomuleið að framkvæmdasvæðinu er um Fljótsdalsveg þar sem Fljótsdalvegur skiptist í Kárahnjúkaveg og Hraunaveg. Leiðin liggur þaðan um Hraunaveg yfir brú austan við Jökulá í Fljótsdal og að Kelduárstíflu.

Þar endar bundið slitlag og við taka malarvegir. Næst þarf að fara yfir farveg Kelduár, neðan yfirfalls Kelduárstíflu. Leiðin liggur síðan til austurs sunnan við Grjótárhjúk og síðan á vaði yfir Grjótá.

Þaðan liggur vegslóði að svæði vinnubúðanna sem er staðsett við Innri-Sauðá. Þaðan liggur slóð að Sauðárvatni.



Verkkaupi

Landsvirkjun

Upphaf framkvæmda

Júní 2012

Hönnun

Mannvit, Almenna Verkfræðistofan

Lok framkvæmda

Ágúst 2013

Eftirlit

Hraun JV ehf